

ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRNAR

Reykjavík, 2. mars 1994
Fiskveiðasjóður Íslands.

Már Elísson
forstjóri.

Svavar Ármannsson
aðstoðarforstjóri.

Gunnar P. Ívarsson
skrifstofustjóri.

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársreikninga sjóðsins 1993 rétta.

Reykjavík, 15. mars 1994.

Björgvin Vilmundarson.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Árni Benediktsson.

Guðjón A. Kristjánsson.

Jón Ingvarsson.

Kristján Ragnarsson.

Ragnar Öundurson.

ÁRITUN SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og sjóðsstjórnar eru ársreikningar Fiskveiðasjóðs Íslands 1993 hér með staðfestir.

Reykjavík, 15. mars 1994.

Þorsteinn Pálsson.

15. júlí 1994

Nr. 414

REGLUGERÐ

**um ráðstöfun aflaheimilda skv. 9. gr. laga nr. 38/1990
um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 87/1994.**

1. gr.

Aflaheimildum, er nema 12.000 þorskígildislestum, skv. 9. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1994, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem verða fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á fiskveiðiári því, sem hefst 1. september 1994.

Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildunum til þeirra skipa, sem orðið hafa fyrir meira en 6,0% skerðingu úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli fiskveiðiaranna, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram framangreind mörk verði að fullu bætt. Skal aflaheimildum skipt milli tegunda í hlutfalli við leyfðan heildarafla af einstökum tegundum og verðmætahlutföll þau sem kveðið er á um í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið, sem hefst 1. september 1994.

Við ákvörðun um að skerðingin verði aldrei meiri en 6,0% milli fiskveiðiaranna skv. 2. mgr. er miðað við, að leyfður heildarafla af innfjarðarrækju á hverju svæði verði óbreyttur milli fiskveiðiaranna.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild, sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir kveiðiárið er hófst 1. september 1993 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið, er hefst 1. september 1994, miðað við aflahlutdeild viðkomandi skips í hverri tegund 27. maí 1994. Skal miðað við úthlutað heildaraflamark hvers fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins. Við þessa útreikninga skal þó ekki taka tillit til úthlutunar á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs, sbr. lög nr. 119/1993. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir fiskveiðiárið, sem hefst 1. september 1994. Sú hlutfallslega breyting, sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiára miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða sbr. lög nr. 87, 24. maí 1994, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1994.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

AUGLÝSING

um bann við veiðum krókabáta á fiskveiðiarinu 1994/1995.

1. gr.

Allar línu- og handfæraveiðar krókabáta skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sbr. 2. gr. laga nr. 87/1994, eru bannaðar eftirgreinda daga:

September:	9., 10., 11., 23., 24., 25.
Október:	7., 8., 9., 21., 22., 23.
Nóvember:	11., 12., 13., 25., 26., 27.
Desember:	1. til 31. að báðum dögum meðtöldum.
Janúar:	1. til 31. að báðum dögum meðtöldum.
Febrúar:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Mars:	10., 11., 12., 24., 25., 26.
Apríl:	7., 8., 9., 11. til 17. að báðum dögum meðtöldum, 21., 22., 23.
Mái:	12., 13., 14., 26., 27., 28.
Júní:	9., 10., 11., 23., 24., 25.
Júlí:	7., 8., 9., 21., 22., 23.
Ágúst:	1. til 7. að báðum dögum meðtöldum, 11., 12., 13., 25., 26., 27.